

# AÐGERÐAÁÆTLUN AFREKSSTARFS BFSÍ



Til að ná og/eða nálgast þau markmið sem BFSÍ hefur sett sér í afreksstefnu sinni hefur verið sett upp eftirfarandi aðgerðaáætlun BFSÍ til næstu 4 ára (2021-2024)

- **Auka starfshlutfall íþróttastjóra í 50% starf (2021) – Ábyrgðaraðili: Stjórn BFSÍ.**
  - Í samræmi við áætlanir í fyrri afreksstefnu sem var frestað vegna fækkun verkefna sökum heimsfaraldurs.
- **Sýnileiki BFSÍ (2021-2024) – Ábyrgðaraðili: Starfsmenn BFSÍ**
  - Bæta sýnileika landsliðsverkefna BFSÍ s.s. með því að taka viðtöl við afreksfólk á mótum og myndskreið sem viðbót við fréttapakka og fréttagreinar sem þegar er verið að birta á miðlum BFSÍ.
  - Halda áfram þróun á beinum útsendingum af íslenskum stórviðburðum og bæta búnað tengdan því.
  - Vinna að þarfagreiningu fyrir því að íslensk stórmót séu sýnd í sjónvarpi.
  - Ljúka þróun á fréttapökkum sem sendir eru á miðla vegna viðburða á vegum BFSÍ.
- **Efla grasrótastarf á landsvísu (2021-2024) – Ábyrgðaraðili: Starfsmenn BFSÍ og aðildarfélög BFSÍ**
  - Styðja við aðildarfélög í því að fjölga sínum iðkendum í ungmenna aldursflokkum (U16, U18 og U21).
  - Styðja við stofnun nýrra aðildarfélaga.
  - Stuðla að, skapa og hafa yfirumsjón með ýmsum verkefnum sem eru sérstaklega sköpuð til að auka áhuga og ástundun ungra iðkenda s.s. ungmennadeildinni og öðrum viðburðum.
- **Efling þjálfaramenntunar (2021-2022) – Ábyrgðaraðili: Framkvæmdastjóri og þjálfarafulltrúi BFSÍ**
  - Virkja 4 ára skipulag þjálfaramenntunar sem lagt var til 2017 en var ekki til fjármagn til þess að virkja á þeim tíma. Í stuttu máli bjóða upp á árlega námskeið stig 1 og annað hvert ár stig 2.
  - Ljúka gerð skriflega og verklega próf-hluta stigs 2 þjálfaranámskeiða BFSÍ/WA.
  - Skoða möguleika á að færa þjálfaramenntun stig 1 í fjarmenntun á vegum BFSÍ eða heimssambandsins.
- **Auðvelda aðgengi að dómaramenntun (2021-2022) – Ábyrgðaraðili: Framkvæmdastjóri BFSÍ**
  - Yfirfæra dómaramámskeið og dómaraþróf BFSÍ yfir í fjarmenntun.
  - Hefja samstarf við Slóveníu um menntun efnilegra landsdómara, sem var frestað sökum heimsfaraldurs 2020.
  - Senda einn efnilegan landsdómara á alþjóðlegt dómaramámskeið á vegum Evrópusambandsins.
- **Aukin þjónusta heilbrigðisteymis BFSÍ (2022-2023) – Ábyrgðaraðili: Íþróttastjóri BFSÍ**
  - Skoða og meta þörf á mögulegum viðbótum við heilbrigðisteymi s.s. lækni og/eða kiropraktor, nota til þess viðmið frá erlendum landssamböndum.
- **Fjármögnun (2021-2024) – Ábyrgðaraðili: Stjórn og starfsmenn BFSÍ**
  - Fjölga árlegum viðburðum sem eru sérstaklega eru gerðir til þess að afla fjár fyrir landsliðsverkefni.
  - Safna saman upplýsingum um styrki sem aðildarfélög hafa aðgengi að og birta á vefsíðu BFSÍ.
  - Styðja við aðildarfélög í að afla styrkja vegna afreksfólks og uppfærslu/endurbótum á búnaði þeirra.
- **Skipulag afreksstarfs (2022-2024) – Ábyrgðaraðili: Íþróttastjóri BFSÍ**
  - Samhæfa tímabil fyrir val í landslið, hæfileikamótun, íþróttafólk ársins, félagaskipti o.fl. við afmæli BFSÍ 1. desember. Ásamt því að vinna að því að birta 1. desember heildarlista yfir áherslu landsliðsverkefna BFSÍ, áætlað æfingarskipulag landsliða (hópa æfingar) og alla þátttakendur fyrir komandi ár á afmæli BFSÍ.
- **Uppfæra og bæta búnað BFSÍ til alþjóðlegs mótahalds innanlands (2021-2024) – Ábyrgðaraðili: stjórn BFSÍ.**
  - Fjárfesta í nauðsynlegum búnaði til að geta haldið alþjóðleg stórmót á Íslandi, s.s. skorborð, skotklukkur, skotmörk o.s.frv.
- **Samstarf í afreksstarfi (2021-2022) – Ábyrgðaraðili: Íþróttastjóri BFSÍ**
  - Hefja samræður við hin Norðurlöndin um mögulegt samstarf áhugasamra Norðurlanda þjóða í afreksmálum.
  - Ef áhugi er til staðar, skipuleggja sameiginleg landsliðsverkefni.

Til að ná og/eða nálgast þau markmið sem BFSÍ hefur sett sér í afreksstefnu sinni hefur verið sett upp eftirfarandi aðgerðaáætlun BFSÍ til næstu 5-10 ára (2025-2029).

- **Auka starfshlutfall íþróttastjóra í 100% starf (áætlað fyrir 2025) – Ábyrgðaraðili: Stjórn BFSÍ.**
  - Í samræmi við áætlanir í fyrri afreksstefnu sem var frestað vegna fækkun verkefna sökum heimsfaraldurs.
- **Stuðla að bótum á æfinga/keppnisaðstöðu og búnaði aðildarfélaganna (2025-2029) – Ábyrgðaraðili: Stjórn og Framkvæmdastjóri BFSÍ**
  - Búa til sniðmát af uppsetningu á nýjum bogfimisvæðum af svipaðri fyrirmynd og Breska bogfimisambandið hefur gert.
  - Kynna sniðmátið fyrir aðildarfélögum, bæjarfélögum þeirra og öðrum aðilum sem koma að uppbyggingu og viðhaldi bogfimisvæða á landinu.
  - Styðja við aðildarfélög við að uppfæra búnað og gefa ráð í tengslum við búnaðar uppfærslur.
- **Stórviðburðir haldnir á Íslandi (2025-2029) – Ábyrgðaraðili: Stjórn BFSÍ.**
  - Leggja fram til Norðurlandasambands að endurvekja NM í opnum flokki á 2 ára fresti og að fyrsta mótið verði haldið á Íslandi. 10 ára fresti á Íslandi.
  - Setja Ísland inn í reglubundið skipulag á framkvæmd NUM hjá Norðurlöndum. 5 ára fresti á Íslandi.
  - Hefja samræður við WAE um framkvæmd á einu EM innandyra á Íslandi.
- **Sterkara samband við WA, WAE og NF (2025-2029) – Ábyrgðaraðili: Stjórn BFSÍ.**
  - Þjóða fram einn íslenskan einstakling í stjórn eða nefndir Evrópu- og/eða bogfimiheimssambands.
  - Ljúka samræðum við valdar þjóðir um möguleika á samstarfi í afreksstarfi.
- **Ávallt að leita leiða til að gera betur í afreksmálum (Tímalaust) – Ábyrgðaraðili: Íþróttastjóri og stjórn BFSÍ**
  - Þjóða landsliðsliðum upp á eins faglega og heildstæða æfinga- og keppnisdagskrá á ársgrundvelli, eins og mögulegt er hverju sinni.